

og komumst svo upp í dalinn, en þurftum að eins að fara yfir lítinn apalhraunstanga, sem var mjög örðugur, síðan riðum við alla leið að jarðfallinu mikla og gígnum í suðausturhorni Öskju, með því að þræða skaffa í hlöðunum. Þeir, sem áður hafa farið upp í Öskju, hafa farið um skarð (Jónsskarð) norðan í fjöllunum, skilið hestana eptir norðanmegin í dalnum, og hafa svo gengið yfir hraunsléttuna þvera að gígnum, er það 4—5 stunda mjög örðugur gangur, því að hraun eru þar illfær gangandi mönnum; veit eg eigi til, að menn hafi farið fyrri riðandi að gígnum, vorum við um 9 klukkustundir úr lindunum þangað, en fórum á rúmum 7 stundum til baka aptur. Við skildum eptir hestana við vikurgígn stóra, er gaus 1875, og fórum svo gangandi fram og aptur til að skoða, vorum við að því alla nóttina því að mjög var hjart og fram á næsta dag. (Niðurlag næst).

### Tekjuskatturinn í Reykjavík 1884.

Út af skýrslunni um ann í Ísafold XI 33 hefir yfirsattanefndin sent blaðinu svoláttandi athugasemd:

Þjer hafid, herra ritstjóri, í 33. tölublaði XI árg. Ísafoldar komizt meðal annars þannig að orði út af tekjuskatti þeim, er Fischer kaupmaður átti að lúka landssjóði 1884, en skattanefndin hafði talið árstekjur hans 8000 kr.: „Yfirsattanefndin, þeir herrar M. Stephensen, H. Kr. Friðriksson og L. E. Sveinbjörnsson, hjelt þó, að 1100 kr. væri í við lágt, tók rögg á sig og setti tekjurnar upp í 1619 kr. 34 aura — hvorki meira nje minna. Skattur af því 6 krónur, og þar við stendur, því yfirsattanefndin er hæstirjettur í því máli“.

Með því ummælin, að nefndin hafi „tekið rögg á sig“ og „þar viðstendur, því yfirsattanefndin er hæstirjettur í því máli“, virðast að fela í sjer aðdróttun, sumpart um aðgjörðaleysi yfirsattanefndarinnar, sumpart um, að hún ekki hafi skorið sem rjettlátast úr málinu, viljum vjer geta þess. sem nú segir:

Í 13. gr. laga 14. desbr. 1877 um tekjuskatt er svo að orði komizt: „Á hreppastefnum á haustum og í kaupstöðum á fundi, sem haldinn skal í októbermánuði ár hvert, skulu hreppsþúar eða kaupstaðarþúar gefa skattanefndinni skýrslur um tekjur sínar. Þyki skattanefndinni tortryggileg skýrsla einhvers, getur hún krafizt sannana og skirteina, er henni þykir þurfa, og ákveður síðan tekjuupphæðina“.

Fischer kaupmaður lagði fyrir yfirsattanefndina reikning yfir tekjur og gjöld við verzlun sína hjer í Reykjavík — en um aðrar tekjur hans er ekki hjer að ræða, sbr. 10. gr. laganna. Samkvæmt honum námu tekjurnar að frá-dregnum kostnaði 1146 kr. 94 a.; og þessari upphæð þóttist nefndin ekki bær um að breyta, úr því full skil voru gjörð fyrir ágóðanum af verzluninni; en það er athugandi, að reikningurinn náði að eins yfir tímam frá 1. janúar til 15. septbr., en með því skattanefndinni þótti

sjálfsagt, að tillit væri tekið til alls ársins, enda þótt kaupíð og siglingar væru um garð gengnar 15. septbr., færði hún upp tekjur hans þannig, að hún gjörði honum tiltölulega jafnar tekjur fyrir hinn tíma ársins, o: frá 15. septbr. til 31. desbr.

Þar sem þjer segid: „Nú veit almenningur eigi betur en að aðalatvinna hans (Fischers) sje einitt verzlunin í Reykjavík“, þá má yður vera það fullkunnugt, að það er eigi rjett; því að hann hefir aðra verzlun í Keflavík; auk þess hefir hann annazt kaup og sölu erlendis fyrir 3 kaupmenn hjer við Faxaflóa, og að minnsta kosti fyrir 3 aðra út um landið. Einn fremur er vist, að hann rekur mikla verzlun erlendis á ýmsan hátt, auk þess sem sjálfsagt verður að telja vist, að hann hafi talsverðan hag af skipaeign sinni. Af þessu er því auðsjeð, að þótt árstekjur hans í skattaskrá Kaupmannahafnar það árið sjeu taldar 40,000 kr., er það engin sönnun fyrir því að tekjur hans af verzluninni hjer í Reykjavík hafi verið meiri árið 1882, en hann hefir sagt, og um annað varðar eigi skattanefnd Reykjavíkur.

Þessa grein vora eru þjer, herra ritstjóri, beðinn að taka helzt í næsta tölubl. Ísafoldar.

Reykjavík 25. ágústm. 1884.

Magnús Stephensen. H. Kr. Friðriksson.

L. E. Sveinbjörnsson.

Ekki þarf það að vera rangnefni, að kalla verzlun herra Fischers hjer í Reykjavík aðalatvinnu hans, þótt svo sje að hann hafi fleira sjer til atvinnu, smátt og stórt. Annars er það mikið gott, að hin virðulega yfirsattanefnd hefir farið svo nákvæmlega í sakirnar að meta gjaldmegin kaupmanns þessa og kann ske ekki láandi, þótt hún hafi ekki getað farið að rengja framtal þess sómanns. En hún getur þó naumast verið ánægð með jöfnuðinn milli tekjuskatts þessa kaupmanns (6 kr.) og annara kaupmanna hjer, sem hafa víðlíka mikið um sig (100—175 kr.). Hins vegar er svo sem auðvitað, að sá kaupmaður, sem telur fram til tekjuskatts þegar illa árar fyrir verzluninni, í því skyni að komast af með svo lágan skatt sem auðið er, muni ekki síður finna köllun hjá sjer til að telja líka fram í veltiárum, til hækkunar niðurjöfnun nefndarinnar, sem gjöra má ráð fyrir að þá geri tekjurnar ekki nærri því nógu háar. Það er sjálfsagt óhætt að reida sig á það, og þá er jöfnuðurinn fenginn!

## AUGLÝSINGAR

(samleiddu máli m. umálotri kosta 3 a. (þakkarív. 3a.) hvert orð 15 alafa (rekaet m. öðru letri eða ætningi 1 kr. í rir þamlingu dólka-langdar. Borgun út í hönd.

Kjörskrá til kosningar á 5 mönnum í niðurjöfnunarnefnd bæjarins, 4 af hinum almenna gjaldendastokki og 1 úr flokki þeirra gjaldenda, er borga hæst. bæjarjöld, liggur til sýnis fyrir bæjarþúa á bæjarþingsstofunni

á hverjum virkum degi um næstu 14 daga frá því á morgun, kl. 12—2 e. m.

Skrifstofu bæjarfögeta í Kvik h. 1. sept. 1884.  
E. Th. Jónassen.

Kjörfundur verður haldinn á bæjarþingsstofunni miðvikudaginn h. 17. sept. kl. 12 m. d. til þess að kjósa 4 menn í niðurjöfnunarnefnd bæjarins af hinum almenna gjaldenda-flokki og mánudaginn hinn 22. p. m. á sama stað og tíma, til þess að kjósa 1 mann í sömu nefnd af herra gjaldenda flokki.

Bæjarfögetinn í Reykjavík, 1. sept. 1884.  
E. Th. Jónassen.

Mig er að hitta þennan mánuð í húsi Helga trjesmiðs Helgasonar í Þingholtsstræti kl. 4—5 e. m., en svo framvegis í húsi Arnbjarnar Ólafssonar í sömu götu og á sama tíma.

Reykjavík 1. dag september 1885.

Franz Siemsen

cand. jur.

settur málaflutningsmaður við yfirdóminn.

Hjer með auglýsist, að stúlkur þær, er kynni að vilja komast á kvennskóla Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna að Ytreyri næstkomandi haust, verða að sækja um það til forstöðumanns skólans Arna Þorkelssonar á Geitaskarði eða forstöðukonu Elínar Briem á Sauðárkróki fyrir septembermánaðar lok. Kostnaður allan tímam mun verða nálægt 150 kr. Í nefnd kvennskólans, 29. júlí 1884.

Á. Á. Þorkelsson.

Mynd af

Jóni heitnum Sigurðssyni forseta, steinprentuð, stór og vönduð, tilbúin á Englandi í sumar, er til sölu hjá Kr. Ó. Þorgrímssyni bóksala, Sigfúsi Eymundarsyni ljósmyndara og Þorláki kaupmanni Ó. Johnsen, fyrir að eins 1 kr.

Vasa-úr fannst á Öskjuhlíð sunnudagskvöldið að var. Eigandi getur vitjað þess á afgreiðslustofu Ísafoldar gegn hæfilegam fundarlaunum og borgun fyrir þessa auglýsingu.

Nýkomin á prent:

Ljóðmæli Matth. Jochumssonar og kosta í kápu 4 kr.

TIL SÖLU á afgreiðslustofu Ísafoldar:

Gröndals Dýrafærði . . . . .	2,25
Gröndals Steinafærði . . . . .	1,80
Íslandssaga Þorkels Bjarnasonar . . .	1,00
Ljóðmæli Gríms Thomsens . . . . .	1,00
Um sauðfjænað, eptir Guðm. Einarss.	0,90
Undirstöðuatriði búfárrektarinnar,	
eptir sama . . . . .	0,50
Erslevs landafræði, önnur útgáfa . . .	1,25
Dönsk lesbók handa byrjendum (S. H.)	1,00
Páls Melsteðs mannkynssögu-ágríp,	
2. útg. . . . .	2,50

Norðlenzkt nærfatavaðmál fæst í Thomsens verzlun við saungjörnu verði.

Ritstjóri Björn Jónsson, cand. phil.

Prentsmiðja Ísafoldar.